



Til:
Efni:
Upplýsingar:

david.hansson@ust.is
Re: Fw: Umsagnarbeiðni vegna Starfsemi við Mývatn
Sent: 24.05.2017 08:59:51 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2017050032, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2017050032

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Umhverfisstofnun, dags. 22. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Premia ehf um leyfi til að reka veitingavagn á bílastæði Dyngjunnar í Reykjahlíðarþorpi við Mývatn, tímabundið frá maí til september 2017.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemd við að framangreint leyfi verði veitt enda telur stofnunin að staðsetning veitingavagnsins komi ekki til með að hafa viðbótar áhrif á lífríki Mývatns enda staðsetningin á þegar röskuðu svæði. Tryggja verður að frárennsli frá veitingavagninum berist ekki óhreinsað í Mývatn.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8

Pósthólf 125 (P.O. Box 125)

212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Frá: Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS
Dags: 22.05.2017 09:46:14
Til: Magnús Guðmundsson/NI.IS@NI.IS
Efni: Fw: Umsagnarbeiðni vegna Starfsemi við Mývatn

----- Forwarded by Sigrún Fríða Óladóttir/NI.IS on 22.05.2017 09:46 -----

From: Davíð Örvar Hansson <david.hansson@umhverfisstofnun.is>
To: "ni@ni.is" <ni@ni.is>, arnie <arnie@hi.is>
Date: 22.05.2017 08:36
Subject: Umsagnarbeiðni vegna Starfsemi við Mývatn

Umhverfisstofnun óskar mats á áhrifum eftirfarandi starfsemi á lífríki Mývatns.
Óskað er skjótrar meðhöndlunar sé þess kostur.

Kveðja
Davíð Örvar Hansson

Umhverfisstofnun barst erindi Premia ehf, kt. 511116-0900 þann 8. maí sl. þar sem óskað er eftir leyfi til að reka veitingavagn á bílastæði Dyngjunnar í Reykjahlíðarþorpi við Mývatn tímabundið frá maí til september 2017. Matarvagninn mun selja matvæli sem afhent eru í pappírsumbúðum en gert ráð fyrir að 1 til 2 starfsmenn verði við störf hverju sinni. Salernisaðstaða starfsfólks verður sameiginleg með starfsfólki Dyngjunnar. Frárennslí starfseminnar verður í formi grávatns, þ.e. vegna handþvottar og uppvaskis. Grávatn verður losað í brunn nærri vagninum með vatnsröri þaðan sem það fer í rotþró. Samkvæmt áætlun umsækjanda er gert ráð fyrir að grávatn geti orðið allt að 50 lítrum á sólahring.

Sorp starfseminnar verður flokkað skv. flokkun sem boðið er upp á í Skútustaðhreppi, þ.e. í þrennt, almennt sorp, plast og pappír.

Fyrir liggur stöðuleyfi Skútustaðahrepps fyrir að staðsetja vagninn við Dyngjuna í 6 mánuði auk þess sem Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi hefur staðfest að Heilbrigðiseftirlit Norðurlands Eystra hyggst veita starfseminni leyfi.

Mývatn og Laxá er verndað með sérlögum nr. 97/2004. Samkvæmt 17. grein reglugerðar 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag. Mat Umhverfisstofnunar skal byggt á umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Bestu kveðjur, Best regards

Davíð Örvar Hansson

Sérfræðingur, Nature reserve officer

Svið náttúru, Department for Nature



UMHVERFISSTOFNUN

Umhverfisstofnun, Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

Sími / Phone: +354 591 2000

Bréfasími / Fax: +354 591 2010

Veffang / Webpage: [Http://www.ust.is](http://www.ust.is)

DISCLAIMER / UM TÖLVUPÓSTINN: [Http://www.ust.is/disclaimer](http://www.ust.is/disclaimer)